

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi stofnanareits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 27. mars 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni nr. 5 við Vogabraut.

Breytingin felst í því að byggingarreitir C verður stækkaður úr 432 m² í 660 m² og einungis verður leyfð einnar hæðar bygging fyrir tréiðnaðardeild skólans. Hámarksveggghæð verður 3,6 metrar og hámarksmanishæð 5,2 metrar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 30. apríl 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2007